

Ég veit ekki hvernig ég tala um hafið á ensku. Ekki heldur á dönsku. Ég held að það skipti ekki máli hversu mörg tungumál ég tala. Eina tungumálið sem leyfir mér að setja í orð hvað hafið er, hvernig það hreyfist, breytist, drepur, elskar - er íslenskann. Af því hún er mín. Ég á íslenskuna, eins og allir aðrir sem tala íslensku eiga íslenskuna. Íslenskan er besta vinkona mín. Íslenskan situr á öxlinni á mér þegar ég geng að Dettifossi og sé fyrir mér Kristján Fjallaskáld á sama stað, kveðandi. Íslenskan hleypur um fæturna á mér úr spenningi þegar ég geng Þingvelli, framhjá Almannagjá og Öxará. Íslenskan tekur heljarstökk af gleði þegar ég leiðrétti framburðinn á nafninu mínu. Íslenskan kúrir í jakkavasanum mínum og hvíslar til mín öll orðin sem við eigum yfir snjó á veturna. Íslenskan liggur í sólbáði á kollinum mínum á sumrin og segir mér hvernig hvert einasta orð á sér sögu. Íslenskan er á hestbaki hjá mér þegar ég hleyp um, í eltingarleik við lítil bróðurbörn. Íslenskan blótar í eyrað á mér þegar danir þekkja ekki sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Íslenskan æpir og skrækir af gleði þegar við heyrum litla krakka nota forn orð. Íslenskan kreystir á mér hjartað þegar ég heyrir íslensk nöfn fyrir utan landssteina. Íslenskan móðgast við mig, ber mig í kálfana, ef ég gefst upp á að reyna að tala íslensku við einhvern sem er að læra hana. Íslenskan elskar ekkert meira en að heyra fólk reyna að tala íslensku. Íslenskan felur sig í vasanum mínum þegar ég tala annað mál, stekkur upp og ruglar saman orðasamböndunum mínum, málsháttum og setningaskipulagi. Ég fyrirgef henni alltaf. Íslenskan heldur í hendina á mér í gegnum lífið, róar mig niður, minnir mig á að allt sem ég er að ganga í gegnum hefur einhver formóðir mín líka gengið í gegnum, að einhver hefur reynt að lýsa tilfinningunum með sama orðaforða, sömu fallbeygingunum, sama tungumálinu og ég. Íslenskan dansar ballet þegar við keyrum framhjá Hraundranganum hans Jónasar. Hún dansar vals þegar ég nota orð eins og knæpa, kraðak og slaufun. Hún dansar hipp hopp þegar ég blóta á íslensku. Íslenskan er besta og elsta vinkona mín, og hún eltir mig eða ég elti hana og hvert sem við förum höldumst við í hendur. Af því hún er mín, og ég er hennar, og ef ég væri ekki þágufallssjúk og ef ég vissi hvernig ætti að beygja ær og ef ég vissi hvað að vefa í boðhætti er þá væri enginn tilgangur með að vera vinkona hennar. Hún hefur alltaf eitthvað að kenna mér, og ég hef alltaf eitthvað til að segja á móti því, og við rífumst þangað til við lendum á stað sem við erum báðar sáttar með. Íslenskan elskar mig og ég elska hana. Ég er ekki til, í mínu einlægasta formi, án Íslenskunar, og Íslenskan visnar upp og deyr án mín. Og án hennar mun ég aldrei getað talað um hafið.